



Borgarráð

***Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Dýraþjónustu Reykjavíkur.***

Á fundi borgarráðs 12. nóvember sl var lögð fram fyrirspurn um Dýraþjónustu Reykjavíkur. Í fyrirspurninni er vísað til þess að nýlega hafi komið út skýrsla stýrihóps um þjónustu við gæludýraeigendur þar sem fram kemur að samþykkt er að stofna starfshóp sem hefur það hlutverk að undirbúa stofnun DÝR og skila nákvæmum tillögum að verkaskiptingu ásamt innleiðingaráætlun, sem byggir á skýrslu stýrihóps um þjónustu borgarinnar við gæludýr og þeim tillögum sem þar er að finna. Í fyrirspurninni var óskað upplýsinga um það hvort aðilum frá hagsmunasamtökum verði boðið sæti í hópnum.

Tillaga varðandi Dýraþjónustu Reykjavíkur er á dagskrá borgarráðs 4. febrúar til ítarlegrar kynningar og er óskað eftir að meðfylgjandi tillögur verði samþykktar auk tillögu að gjaldskrárbreytingu. Ekki hefur verið unnt að svara fyrirbyggjandi fyrirspurn á vettvangi borgarráðs þar sem málið hefur verið í vinnslu og umsagnargerð hjá fjármála- og áhættustýringarsviði. Umsögnin liggur nú fyrir og er nú lögð fyrir borgarráð ásamt tillögu um að sameina á einum stað, undir nafninu Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR), starfsemi Reykjavíkurborgar vegna þjónustu við gæludýr. Einnig er lagt til að unnið verði að erindisbréfi fyrir skipan starfshóps um vinnu við stofnun DÝR sem myndi skila nákvæmum tillögum að verkaskiptingu ásamt innleiðingaráætlun sem byggir á skýrslu stýrihópsins og þeim tillögum sem þar er að finna.

Ekki er því unnt að svara fyrirbyggjandi fyrirspurn um það hvaða fulltrúar munu sitja í starfshópnum þar sem hann hefur ekki verið skipaður né erindisbréf lagt fram. Þær upplýsingar verða lagðar fram á vettvangi borgarráðs um leið og þær liggja fyrir.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar